

**Fundargerð 369. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 15. maí 2019, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Fjarverandi
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Fulltrúaping SLFÍ, yfirferð
4. Gisting fulltrúa í félagsstjórn SLFÍ
5. Kjaramál, kjaraviðræður
 - Framvinda viðræðna
 - Bókun 8
6. Árshlutauppgjör reikninga SLFÍ
7. Launastefna SLFÍ
8. Átaksverkefnið „Ímynd sjúkraliða“ staðan nú og framvindan
9. EPN í Osló, næsti fundur í Helsingi 17. – 18. október
10. Undirbúningur fyrir ráðstefnu í Tromsø 4. – 5. júní 2020
11. Hýrudráttardómurinn - afgreiðsla
12. Undirbúningur vinnufundar í Kiðjabergi I og II, 21. september
 - Starfsáætlun SLFÍ
 - Starfsnefndir SLFÍ
 - Laganefnd
 - Ritnefnd
 - Fræðslunefnd
 - Orlofsnefnd
 - Skapalón fyrir ársskýrslur svæðisdeilda
 - Stefnumótun, framtíðarsýn

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund framkvæmdastjórnar og gerði grein fyrir að Jóna Jóhanna gjaldkeri SLFÍ kæmist ekki á fundinn.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Fulltrúaping SLFÍ, yfirferð

Farið var yfir farmgang og vinnu fulltrúapingsins, afgreiðslu mála og vinnu við ályktanir. Rætt var um að ýmislegt smávægilegt hefði mátt betur fara, en þingið gekk mjög vel fyrir sig og vinnan við ályktanirnar og þær fengu góða umfjöllun í fjölmiðlum eftir þingið.

4. Gisting fulltrúa í félagsstjórn SLFÍ

Málið rætt og talið heillavænlegast að koma með tillögu um fyrirkomulag gistingar til framtíðar.

5. Kjaramál, kjaraviðræður

- SBF gerði grein fyrir þeim fundum sem verið hafa á vegum BSRB við ríkið. Á síðasta fundi lagði samninganefnd ríkisins fram trúnaðarskjal „Vinnuskjal til umræðu“ þ.s. farið er yfir að stefnt sé að styttingu vinnuvikunnar og taldar upp þær greinar kjarasamningsins sem þurfa breytinga við á mótí og þá aðallega í vinnutímakaflanum og veikindakaflanum.
- Fram kom að búið er að boða til fundar með kjaramálanefnd SLFÍ og SNR miðvikudaginn 22. maí kl. 10.30. Lagt er til að fulltrúar kjaramálanefndar sem starfa hjá ríkinu mæti á fundinn ásamt SBF og GÖG.
- SBF fór einnig yfir fundinn sem hluti kjaramálanefndar SLFÍ átti með samninganefnd Reykjavíkurborgar. Á þeim fundi fóru fulltrúar Reykjavíkurborgar yfir hugmyndir um styttingu vinnuvikunnar og hvaða greinar kjarasamnings þyrftu breytinga við, sem einskonaforárnarkostnaður á mótí.
- Bókun 8 er í góðu ferli og líkur á að gengið verði frá endanlegu fyrirkomulagi sjóðanna fljótlega.

6. Árshlutauppgjör reikninga SLFÍ

SBF fór yfir að áhugi væri fyrir að fá árshlutauppgjör um mitt reikningsár þannig að betur mætti glöggva sig á fjárhagslegri stöðu virkra sjóða félagsins. Einhver viðbótarkostnaður hlýst af því, en allir sammála um að það verði gert.

7. Launastefna SLFÍ

SBF fór yfir að nauðsynlegt væri að hafa ákveðna formfestu á launaþróun starfsmanna á skrifstofu SLFÍ og fór yfir skjal sem hún er með í vinnslu. Málið rætt og skjalið lagað til og samþykkt sem viðmið.

8. Átaksverkefnið „Ímynd sjúkraliða“ staðan nú og framvindan

SBF fór yfir að verið væri að útbúa auglýsingu með styttri útgáfu af ákveðnum myndböndum sem unnin voru fyrir félagið. Umsjónaraðili er að skoða hversu oft og víða sé hægt að auglýsa í sjónvarpi fyrir ákveðna upphæð. Einnig fer í gang frekari kynning á samfélagsmiðlum.

9. EPN í Osló, næsti fundur í Helsingi 17. – 18. október 2019

SBF gerði grein fyrir að hún og GÖG hafi farið á stjórnarfund EPN í Osló í síðustu viku. Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf og síðan lagður grunnur að skipulagi næsta stjórnarfundar, sem verður í Helsinki.

10. Undirbúningur fyrir ráðstefnu EPN í Tromsö 4. – 5. júní 2020

SBF fór yfir að næsta ráðstefna á vegum EPN verður í Tromsö vorið 2020 og að félagið þyrfti að huga fljótlega að flugi til Tromsö fyrir fundinn. Ræða þarf hugmyndir/tillögur félagsins að væntanlegu efni á dagskrá ráðstefnunnar. Ákveðið að KÓ haldi utan um ferðatilhögun.

11. Hýrudráttardómurinn

SBF fór yfir niðurstöðu máls sem tekist hefur verið á um frá því ljósmæður voru í verkfalli. Dómsniðurstaða í héraði og Hæstarétti um hýrudráttinn liggur fyrir og hefur kjara- og mannauðssýsla ríkisins nú loks gengið frá greiðslum í samræmi við dómsniðurstöðu.

Sjúkraliðafélagi sendi í kjölfar niðurstöðu dómsins erindi til kjara- og mannauðssýslu ríkisins um að dómurinn gildi fyrir sjúkraliða, sem voru í verkfalli haustið 2015. Því erindi hefur verið svarað og er stefnt á að leiðrétting launa vegna hýrudráttar sjúkraliða verði afgreidd við launakeyrlu 1. júní, nk. SBF sýndi skjal frá fjármálaráðuneytinu þ.s. fram kemur sú upphæð sem endurgreidd verður til sjúkraliða í takt við niðurstöðu dómsins.

12. Undirbúningur vinnufundar félagsstjórnar 21. september 2019 í Kiðjabergi

SBF gerði grein fyrir að tilgangur vinnufundarins væri m.a. stefnumótun og mótun framtíðarsýnar SLFÍ til nánustu framtíðar. Áður þurfi að skoða stöðu, hlutverk og skipulag starfsnefnda SLFÍ, útbúa skapalón fyrir nefndir og ársskýrslur svæðisdeilda o.fl.

Á fundinum verði einnig farið yfir lög og væntanlegar lagabreytingar á lögum félagsins.

Ákveðið var á síðasta fundi félagsstjórnar að vinnufundurinn verði þann 21. september, (allan daginn) en fundarmenn geti gist dagana fyrir og eftir fundinn.

Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 17.00